



Akureyrbær

Samband sveitarfélaga í Eyjafir
Hafnarstræti 91
600 Akureyri

Akureyri, 17. mars 2020
2020030463 99

Efni: Fyrirspurn um framkvæmdir 2020

Vísað í tölvupóst frá 15. mars sl. vegna framkvæmda hjá Akureyrbæ.

Samkvæmt fjárhagsáætlun Akureyrbærar fyrir yfirstandandi ár er gert ráð fyrir framkvæmdum fyrir tæpa 4,4 milljarða króna. Fjárfrekustu framkvæmdirnar eru á sviði fræðslumála, gatnagerðar, hafnarmannvirkja og veituframkvæmda hjá Norðurorku. Það er mat bæjaryfirvalda að staða sveitarfélagsins gefi ekki tilefni til að auka framkvæmdir á árinu. Það verður þó skoðað í ljósi stöðunnar hvort ástæða er til að breyta forgangsröðun á þeim framkvæmdum sem eru fyrirhugaðar á næstu árum. Verði þá sérstaklega skoðað hvort framkvæmdir sem krefjast meiri mannafla verði settar framar á forgangsröðunina í stað þeirra sem gera minni kröfur um vinnufl með það að leiðarljósi að halda uppi atvinnu. Næstu dagar verða nýttir til fara yfir málin áður en ákvörðun verður tekin hvort framkvæmdaáætlun bæjarins verði breytt og ef af verður, þá í hverju það muni felast.

Vegna verkefna sem varða ríkisframkvæmdir og flýtingu er vert að nefna framkvæmdir við Akureyrarflugvöll, heilsugæslustöð/stöðvar, nýtt 60 rýma hjúkrunarheimili sem er í hönnun og legudeildarbyggingu Sjúkrahússins á Akureyri.

Virðingarfyllst,

f.h. Akureyrbærar

Dan Jens Brynjarsson
Sviðsstjóri fjársýslusviðs

Fjársýslusvið